

"Hvað er þetta Kvennaframboð?"

Spurningar sem frambjóðendur í Kvennaframboði burfa að svara:

1. hópur. Starfið eftir kosningar.

Hvernig ætlum við að vinna málum okkar framgang í borgarstjórn eftir kosningar?

Ætlum við að bindast samstarfi við einhvern eða einhverja flokkanna?

Hvernig ætlum við að ábyrgjast að kona starfi ekki hver með sínum flokki eftir kosningar?

Hvernig birtast "vinstri" og "hægri" sjónarmið frambjóðenda í samstarfi við "vinstri" og "hægri" mál sem upp koma. Styðja þá hægri konur hægri flokkana og öfugt?

Hvernig ætlum við að starfa innbyrðis eftir kosningar?

Verða félagsfundir með í ákvarðanatöku næsta vetur?

Hvert er valdssvið beirra sem komast í borgarstjórn, og þá gagnvart "skuggaráðuneytinu"?

2. hópur. Framboðið sem slikt.

Hvers vegna eru engir karlmenn á lista?

Hvernig getur "þverpólítískur" listi boðið sig fram?

Eiga allar konur það mikið sameiginlegt að hægt sé að bjóða fram kvennalistu?

Af hverju eru flokkarnir ekki valkostur kvenna?

Hver er raunverulegur munur á okkur og t.d. konunum í Alþýðu-bandalaginu?

A íhaldið að vinna kosningarnar í vor vegna Kvennaframboðsins?

Ætlum við að fella vinstri meirihlutánn í vor?

Ætlum við að fella aðrar konur sem eru í baráttusætum flokkanna?

Erum við að vinna gegn konum?

Hvað með allar húsmæðurnar, hvar eru þær?

Hvar eru verkakonurnar?

Er kvennaframboðið óánægjuframboð vinstri kvenna?

Hafa konur ekki náð tilgangi sínum með prófkjörunum, þar sem konur hafa náð fra, þarfum við að bjóða fram?

3. hópur. Stefnumskrá Kvennaframboðsins.

Af hverju eru bara félagsmál í brennidépli? Hvað með hin málin?

Hvaða tillögur höfum við um verkefni/aðgerðir í fyrirbyggjandi augnamiði vegna ofnotkunar vímuefna? Hvers vegna eru ekki svona tillögur í stefnuskránni sjálfri?

Hvers vegna er ekki mótuð stefna í æskulýðsmálum?

Hver er okkar lausn á húsnæðisvandanum?

Hvaðan eiga peningarnir að koma?

Hefur verið athugað að auka tekjur borgarinnar svo hægt sé að fjármagnar nýjungar?

Hvernig höfum við hugsað okkur að auka atvinnumöguleika borgarbúa og mæta aukningu á vinnumarkaði næstu ár?

Hver er afstaða Kvennaframboðsins til atvinnureksturs borgarinnar í samkeppni við einkaresktur, t. d. í útgerðarmálum (BÚR)?

Hver er afstaða kvennaframboðsins til opnunartíma verslana í Reykjavík?

Fyrirspurn:

Hverjar eru nefndir borgarinnar, og hvernig skipta flokkarnir með sér verkum í þeim?